

er. Þá þykir rétt, að stefnda greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 8500.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

**Dómsorð:**

Stefnda, Samband Íslenzkra samvinnufélaga, greiði stefnanda, Páli Guðbjartssyni, kr. 93.350.00 með 6% ársvöxtum frá 21. júní 1952 til greiðsludags og kr. 8500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 22. febrúar 1955.

Nr. 30/1955. **Dánarbú Sophy Bjarnarson**

gegn

**Vilhjálm Bjarnarson.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Heitfesting.

**Dómur Hæstaréttar.**

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. janúar 1955, er barst dóminum 7. þ. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og vitninu Brynjúlfi Magnússyni heimilað að staðfesta vætti sitt með eiði. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja að mati Hæstaréttar. Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar að mati dómsins.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 400.00.

**Dómsorð:**

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, dánarbú Sophy Bjarnarson, greiði varn-

araðilja, Vilhjálmí Bjarnarson, kærúmálskostnað, kr. 400.00, að viðlagðri aðför að lögum.

### Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. janúar 1955.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 17. f. m., hefur Vilhjálmur Bjarnarson verkstjóri, Lykkesholm Allé 30, Kaupmannahöfn, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. júní 1952, gegn dánarbúi Sophy Bjarnarson svo og hverjum þeim, er kynnu að telja til réttar samkvæmt síðargreindri arfleiðsluskrá.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur, að nefndri arfleiðsluskrá verði hrundið og stefndu in solidum gert að greiða málskostnað.

Af hálfu stefnda, dánarbús Sophy Bjarnarson, hefur verið krafizt sýknu og málskostnaðar.

Þing hefur einnig verið sótt fyrst um sinn til réttargæzlu af hálfu dánarbús Jens Christian Jensen, en hann er talinn bróðir Sophy Bjarnarson.

Málavextir eru þeir, að Sophy Bjarnarson, Vesturgötu 17 A, hér í bæ, andaðist 23. maí 1950, en tveim dögum áður hafði hún gert arfleiðsluskrá þá, sem mál þetta er af risið. Hún undirritaði arfleiðsluskrána ekki sjálf, heldur handsalaði hún nafn sitt konu, er hjúkraði henni.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að Sophy Bjarnarson hafi verið mjög veik og miður sín, er þetta gerðist, og hafi hún alls ekki getað gert sér grein fyrir því, hvað verið var að gera. Telur hann, að hún hafi hvorki gert arfleiðsluskrána af fúsum og frjálsum vilja né með fullu ráði.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að Sophy Bjarnarson hafi verið með fullu ráði, er arfleiðsluskrá var gerð, og að hún hafi verið sér þess meðvitandi, hvað hún var að gera.

Meðal ákvæða arfleiðsluskrárinnar er það, að dánarbúinu skuli skipt af skiptaforstjórum, og eru þeir þessir: Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður, Brynjúlfur Magnússon, Flókagötu 14, Jónas Thoroddsen, Drápuhlíð 11, og Hilmar Garðars, Vesturgötu 19, allir hér í bænum, og hefur þeim öllum verið stefnt í máli þessu sem fyrirsvarsmönnum dánarbúsins. Stefndi Brynjúlfur var og notarialvottur, þegar arfleiðsluskráin var gerð. Hann kom fyrir dóm í máli þessu hinn 29. apríl s.l. og svaraði ýmsum spurningum um aðdraganda þess, að arfleiðsluskráin var gerð, o. fl. Eigi var þess þá krafizt, að hann staðfesti skýrslu sína, en 17. f. m. kom hann fyrir dóm á ný, og var þess þá krafizt af hálfu stefnda, að hann staðfesti skýrsluna og því jafnframt haldið fram, að stefndi Brynjúlfur væri ekki svo riðinn við mál þetta fjárhagslega eða öðruvísi, að meina ætti honum staðfestingu.

Lögmaður stefnanda mótmælti því eindregið, að stefnda Brynjúlfi yrði heimiluð staðfesting skýrslunnar, þar eð hann væri aðili máls-

ins og hefði auk þess hagsmuna að gæta samkvæmt ákvæðum arfleiðsluskrárinnar.

Var atriðið síðan tekið til úrskurðar að kröfu lögmanns stefnda.

Arfleiðsluskrá Sophy Bjarnarson geymir ákvæði um það, að hluti húseignanna skuli renna í sjóð, en úr þeim sjóði skuli árlega úthlutað  $\frac{1}{4}$  af tekjum hans til afkomenda tengdforeldra arfláta, þeirra Stefáns sýslumanns Bjarnarsonar og Karen Emilie Bjarnarson. Fénu skyldi verja til uppeldis og menntunar afkomendanna, svo og til styrktar þeim og mökum þeirra, er sjúkdóm bæri að höndum, enda væri þeim þörf þess.

Stefndi Brynjúlfur er dóttursonur nefndra tengdforeldra arfláta. Þegar virt er sú staðreynd svo og önnur þau atriði, er greinir hér að framan um afstöðu hans til máls þessa, þykir rétt, með vísan til ákvæða 127. gr. laga nr. 85 frá 1936, að synja stefnda Brynjúlfi um heimild til að staðfesta fyrir dómi skýrslur sínar í málinu.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, hefur kveðið upp úrskurðinn. Dráttur á uppsögu hans stafar af veikindaforföllum dómara frá því í lok fyrra mánaðar þar til í gær.

#### Því úrskurðast:

Stefnda, Brynjúlfi Magnússyni, er ekki heimilt að staðfesta fyrir dómi skýrslur sínar og vætti í máli þessu.

Þriðjudaginn 22. febrúar 1955.

Nr. 32/1955. **Sigurður A. Jónsson**

gegn

**Kristjáni Eiríkssyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara **Hæstaréttar.**

Kærumál. Málflutningsfrestur. Réttarfarssekt.

#### Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. janúar 1955, sem barst Hæstarétti 10. febrúar s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 15. janúar 1955 í máli varnaraðilja gegn honum, en með úrskurði þessum var sóknaraðilja synjað um frekari frest í málinu en hann hafði þegar fengið.